



Ráðhús Reykjavíkur -
Forsætisnefnd

Efni: Fjármálalæsi

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. mars 2021 var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 13. maí 2020, þar sem tillögu fulltrúa ungmennaráðs Grafarvogs er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. mars 2021, um tillöguna.

Lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla borgarinnar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2021.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið hvetji skólastjórnendur og kennara í grunnskólum til að efla kennslu í fjármálalæsi á öllum stigum grunnskóla frá og með haustönn 2021 og nýta öll þau tækifæri sem gefast í skólastarfinu til að sinna þessum mikilvæga þætti til að búa nemendur undir líf og starf.

Tillagan var samþykkt.


Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Eitt af lykilhlutverkum grunnskóla er að undirbúa börn fyrir þáttöku í samfélaginu. Að vera læs á fjármál og þekkja grundvallaratriði sem þeim tengjast er óneitanlega stór hluti af því, og samkvæmt minnisblaði sem lagt er fram með tillöggunni er Fjármálalæsi þegar kennd sem sérstakt fag í sex grunnskólum, en sem hluti af stærðfræði eða samfélagsfræði í fleiri skólum. Það er mikilvægt að annars fræðileg menntun í stærðfræði og samfélagsfræði sé sett í samhengi sem nýtist nemendum beint og þar sem það er beinlínis markmiðið að skilja þau áhrif sem peningar, vextir og fjárfesting hafa á líf fólks. Það er því vel við hæfi að hvetja alla skóla til þess að

ebla kennslu í fjármálalæsi og til að tryggja að hún gleymist ekki innan um aðrar áherslur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þátttaka ungs fólks í stjórnmálum er afar mikilvægur þáttur í virku lýðræði og þróun þess. Reglulegir fundir borgarstjórnar með ungmennaráðum borgarinnar er öflugur samráðsvettvangur og því nauðsynlegt að taka vel á móti tillögum sem þar eru lagðar fram. Tillögur ungmennaráða eru vandaðar, málefnalegar og vel ígrundaðar. Tafir á afgreiðslu og löng málsméðferð er ekki til þess fallin að auka áhuga ungmenna á þátttöku í stjórnmálum. Þess vegna harma skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks að tillaga ungmennaráðs hafi dagað uppi innan stjórnerfis borgarinnar. Tillöggunni sjálfri er fagnað og tekið undir með þeirri greinargerð sem tillöggunni fylgir. Tillagan er því samþykkt. En um leið er hvatt til þess að tillögur ungmennaráða í framtíðinni fái vandaða málsméðferð án óþarfa tafa og dráttar.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Bréf borgarstjóra, dags. 13. maí 2020

Greinargerð, dags. 5. mars 2021



Borgarstjórninn í Reykjavík

SKJALAVER	
HÖFUDATORGÍ	
15. MAI 2020	
Málsnr	SFS 2020 050079
Bretalyk	
77	

Reykjavík, 13. maí 2020
R20050125
óm

Skóla- og frístundaráð

Tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttur, fulltrúa ungmennaráðs Grafarvogs um kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2021.

Greinargerð:

Vegna aukinnar vitundar um mikilvægi þess að ungmenni læri um fjármál, atvinnumarkaðinn og réttindi á vinnumarkaði telur ungmennaráð Grafarvogs að tryggja þurfi kennslu um þessi viðfangsefni. Innleiðing á kennslu í fjármálalæsi myndi styðja við þessa áhersluþætti sem finna má í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Útfærsla af þessari tillögu gæti til dæmis verið í formi skylduáfanga fyrir ákveðna árganga en gætu einnig fallið undir kennslu í öðrum námsgreinum, s.s. samfélagsfræði.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.


Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdís Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík, 5. mars 2021
SFS2020050079
203. fundur
HG/sv/geb

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu frá ungmennaráði Grafarvogs um fjármálalæsi

Á fundi í borgarstjórar og Reykjavíkurráðs ungmenna sem haldinn var 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga frá ungmennaráði Grafarvogs og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla borgarinnar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2021.

Greinargerð fylgdi.

Í gildandi aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 er fjármálalæsi ekki talið sérstakt námssvið eða námsgrein. En fjallað er um fjármálalæsi samhliða umfjöllun um sjálfbærni og þess getið að neytendafræðsla og fjármálalæsi séu mikilvægar forsendur þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð. Fjármálalæsi er talið upp sem hluti af hæfniviðmiðum fyrir heimilisfræði og í samfélagsgreinum. Í hæfniviðmiðum fyrir vinnubrögð og beitingu stærðfræði er nefnt mikilvægi þess að nemendur geti tekist á við verkefni úr umhverfi sínu eða samfélagini, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins í skóla- og frístundaráði lögðu fram fyrirspurn um stöðu kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum borgarinnar í febrúar 2020. Í fyrirspurninni var óskað upplýsinga um hvort grunnskólar borgarinnar væru að uppfylla viðmið aðalnámskrár varðandi kennslu í fjármálalæsi, hvernig kennslu í fjármálalæsi væri háttáð og hvaða námsefni væri aðallega stuðst við.

Til að svara fyrirspurninni var könnun lögð fyrir skólastjóra grunnskólanna í apríl/maí 2020. Í svörum skólastjóranna kom fram að í sex skólum væri fjármálalæsi kennd sem sérstök námsgrein en í öðrum skólum sem hluti af stærðfræði eða samfélagsgreinum/lífsleikni.

Tæplega helmingur skólastjóranna nefndu að stuðst væri við námsefni frá Fjármálaviti (<https://fjarmalavit.is/>), þ.e. *Fyrstu skref í fjármálum* eftir Gunnar Baldvinsson, en einnig var nefnt efni frá Menntamálastofnun, bækur og ýmislegt efni af netinu, annað námsefni í stærðfræði og verkefni sem kennrarar útbúa fyrir nemendur.

Skólastjórum var jafnframt boðið að koma á framfæri athugasemdum um nám og kennslu í fjármálalæsi en í þeim kom fram að skólastjórar töldu nám í fjármálalæsi mikilvægt, það gagnist nemendum vel og veki áhuga þeirra. Það sjónarmið kom fram að ekki væri nauðsynlegt að kenna fjármálalæsi sem sérstaka námsgrein í skólanum því kennrarar væru þegar að vinna með það í tengslum við stærðfræði og aðrar greinar.

Að auki má benda á að grunnskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur verið í góðu samstarfi við félagið Fjármálalæsi um fræðslu fyrir kennara um fjármálalæsi og boðið hefur verið upp á námskeið um efnið á hverju ári undanfarin ár, bæði í sumarsmiðjum kennara og á starfstíma skóla. Námskeiðin hafa verið vel sótt og verið skólum og þátttakendum að kostnaðarlausu. Leiðbeinendur á námskeiðunum hafa að undanförnu verið kennrarar á ungingastigi í grunnskóla í borginni, annars vegar höfundur námsefnisins *Fyrstu skref í fjármálum* og hins vegar kennari með viðskiptafræðimenntun auk kennsluréttinda.